| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | |
| --- | --- | --- |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | BÝX 102 Ymis búnaður og kerfi<br>Kennsluáætlun 5. Önn vor 2015 | |
| Samþykkt:SHJ | | |
| Síða 1 af 1 | | |

| Kennari | Bragi Finnbogason | Sk.st. | BFI |
| --- | --- | --- | --- |

**Áfangalýsing:**

Farið yfir öryggisbúnað, m.a. loftpúða og beltastrekkjara og þægindabúnað í ökutækjum sem jafnframt er staðalbúnaður. Búnaðurinn skoðaður í ökutækjum með tilvísun í upplýsingar framleiðenda. Nemendur velja sér búnað sem þeir gera sérstaka grein fyrir í verkefni. Kynning á rafbúnaði sem knýr ökutæki og vinnutæki (t.d. vörulyftara). Áhersla á snyrtilega umgengni um ökutæki sem eru til viðgerðar og hvaða afleiðingar yfirsjónir viðgerðamanna geta haft á þeirra eigin öryggi í vinnu við öryggisbúnað, akstursöryggi og viðgerðakostnað. Sérstök áhersla er lögð á hættur af umgengni við öryggis- og verndarbúnað með sprengihleðslu, s.s. púða í stýri, mælaborði og í hliðum farþegarýmis og öryggisbeltum. Farið er yfir virkni loftfrískunarkerfa (AC) og sérstaka mengunarhættu af kælimiðli þessara kerfa (reglugerð 834/1910).

**Markmið:**

Nemandi þekki. Kröfur um öryggisbúnað í reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Hættur sem stafa af rangri umgengni um öryggisbúnað.

Nemandi geti:

Lýst virkni eftirtalins búnaðar: höggvörum, öryggisbeltum, loftpúðum, hljómflutningstækjum, barnastólum, samlæsingum, rafknúnum rúðuvindum, þjófafælum, rafhituðum rúðum og útispeglum, rafstilltum útispeglum, mælum og gaumljósum, mælaborðslýsingu, innilýsingu, ræsihindrun í sjálfskiptingu og öðrum ræsihindrunum.

Skoðað og prófað öryggisbúnað. Gert við öryggisbúnað innan þeirra marka sem framleiðendur ætla almennum viðgerðamönnum.

**Námsgögn:**

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.

Reglugerð 834/2010.

**Áætlun um yfirferð:**

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er að læra um hin ýmsu öryggis og þægindakerfi nútíma ökutækja. Þeir vinna eitt heimaverkefni í lotunni auk þess að vinna verkleg verkefni og lokapróf verður þreytt. Skiladagur fyrir heimaverkefni er 06.03.2015. Hafi verkefni ekki borist fyrir klukkan 17 á skiladegi í hólf kennara í anderi VMA dregst 1. af einkunn verkefnisinns fyrir hvern hafinn sólarhring. Til að verkefnin gildi til lokaeinkunnar verða nemendur að ná að lágmarki 5 á lokaprófi.

**Verkefni:**

Verkleg verkefni, heimaverkefni og lokapróf.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Bókleg verkefni og Próf 40%. Verkleg verkefni með skýrslu 40%. Mat 20%.

**Annað:**

Einkunn fyrir liðinn mat byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig end að í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

**Dagsetning:** 05 01 2015

Bragi Finnbogason

**Undirritun kennara**

Haraldur Vilhjálmsson

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**